

Alþingi  
Erindi nr. P 121/2124  
komudagur 15.5.197


Allsherjarnefnd Alþingis,  
b.t. Sólveigar Pétursdóttur, formanns  
Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

13. maí 1997

Með bréfi dagsettu 3. apríl 1997 óskaði Allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Geðlæknafélags Íslands um frumvarp til lögræðislaga. Stjórn félagsins hafði ekki náð að fjalla um málið þegar formaður félagsins fékk boð um að koma til fundar við nefndina, en ásamt Halldóru Ólafsdóttur formanni mættu til fundar við Allsherjarnefnd Magnús Skúlason varaformaður Geðlæknafélags Íslands og Kristófer Þorleifsson ritari, þriðjudaginn 29. apríl 1997.

Eins og fram kom á fundi okkar með ykkur þá er Geðlæknafélagið eins og áður þeirrar skoðunar að hækka eigi sjálfræðisaldur úr 16 árum í 18 ár og vísar til fyrri greinargerðar sinnar varðandi það mál. Í heildina er Geðlæknafélag Íslands ánægt með frumvarpið og telur margt í því til mikilla bóta. Félagið fagnar því, að auk varanlegrar sjálfræðissviptingar verði hægt að fá fram skemmri sviptingu, þ.e.a.s. hálfis árs sviptingu. Hvað varðar heimild til vistunar á geðsjúkrahúsi gegn eigin vilja telur félagið að eðlilegt væri að lengja þá heimild úr 15 dögum í 28 daga, en með því yrði dregið verulega úr þörf fyrir sex mánaða sjálfræðissviptingu.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Geðlæknafélags Íslands



Kristófer Þorleifsson, ritari